

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um framfærsluskyldu óskilgetins sonar gagnvart föður sínum.* — Hreppsnefndin í Hjaltastadahreppi hefir áfrýjað hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 12. ágúst f. á., þar sem þjer með skírskotun til 9. gr. tilsk. 25. septbr. 1850 sbr. við D. L. 5.—2.—70, hafid látið í ljósi þá skoðun, að óskilgetnum syni beri eigi að annast að öllu leyti þarfandi föður sinn.

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um þetta, finn jeg enga ástæðu til að breyta hinum áfrýjaða úrskurði; en að öðru leyti er hreppsnefndinni frjálst að sækja mál þetta fyrir dómstólunum, og mun það þar fá fullnaðarúrslit sín.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

Reglugjörð

fyrir gagnfrøðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal.

1. grein.

Það er ætlunarverk skóla þessa, að veita þeim, sem í hann ganga almenna menntun.

2. grein.

Frøðigreinar þær, er þar skal kenna eru þessar: íslenska, danska, enska, nýja sagan, einkum saga norðurlanda, stutt landafrøði, einfaldur reikningur, og af náttúrufrøði einkanlega meginsetningar affrøðinnar, ofnafrøðinnar og steinafrøðinnar, uppdráttarlist, verkleg og bókleg búfrøði.

3. grein.

Áður en nokkur piltur kemst í skólann verður hann að sýna skilríki fyrir því.

a, að siðferði hans sje óspilt.

b, að hann sje bólusettur.

c, að hann sje eigi yngri en 14 vetra og eigi eldri en 24 vetra.

d, að hann sje vel læs og skrifandi.

e, að hann þekki svo stafsetningu móðurmáls síns, að hann kunni að skrifa það stórlýtalaust.

4. grein.

Kennslunni í skólanum skal svo hagað, að henni verði lokið á 2 vetrum að meðtöldu sumrinu þar á milli. Enginn getur notið kennslu í efri bekk skólans eða með efri kennsluflokknum, nema því að eins, að hann hafi staðizt próf það, sem haldið er við lok fyrra kennsluvetrarins.

5. grein.

Skólaárið telst frá 1. október ár hvert til 30. sept. árið þar á eptir; því skal skipt í vetrarskóla og sumarskóla. Vetrarskólinn byrjar 1. okt. ár hvert, og endar 1. maí þar á eptir, og skal í honum kenna allar námsgreindir, en sumarskólinn byrjar í miðjum maímánuði og stendur til miðs septembermánaðar sama árs, og skal þá einkum kennð verkleg búfrøði og þær bóklegu vísindagreindir, er standa í sambandi við hana.

6. grein.

Bókleg kennsla skal vera að minnsta kosti 5 klukkustundir hvern rúmhelgan dag í vetrarskólanum, en að öllum jafnaði klukkustund daglega í sumarskólanum. Hinum kennslutímanum skal varið til kennslu í verklegri búfrøði, og í vetrarskólanum skal verja

98 4 stundum á hverri viku til að kenna glímur, dans, og aðra fimleika, og 2 stundum til að kenna sönglist
12. júní.

Skólastjóri semur á hverju ári lestöflu og sendir hana stiptyfirvöldunum til samþykktar.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: jólaleyfi frá 24. degi desemberm. og til 2. dags janúarm.; páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, og hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu og til næsta þriðjudags á eptir. Heimilt er skólastjóra eptir samráði við búfræðinginn að leyfa þeim piltum, er þess óska, að vera burtu 3 vikna tíma um heyskapartímann.

7. grein.

Kveld og morgna skulu bænir haldnar í skólanum allt til hvítasunnu.

8. grein.

Búfræðingnum er heimilt að nota piltá, sem taka þátt í sumarnáminu við þúfnasljettun, vatnsveitingar og aðrar jarðbætur, og við hevvinnu. Fyrir vinnu sína fá piltar hæfilega þóknun, eptir því, sem búfræðingnum og piltum um semur.

9. grein.

Skólastjóri hefir umsjón með skólahúsinu og með ábúð á skólajörðunni, en kostn- að þann, er leiðir af þvotti og hreinsun skólastofanna og af viðhaldi og meðferð skóla- hússins og áhalda skólans, fær hann endurgöldinn eptir rjettum reikningi.

Piltum er frjálst að fæða sig sjálfa; en þeim piltum, sem óska þess, er búfræð- ingurinn skyldur að selja fæði gegn sanngjarnri borgun, er amtmaður norður og austur- umdæmisins ákveður á undan hverju skólaári.

10. grein.

Í hverri kennslustund skal yfirheyra svo marga námspilta, sem kostur er á, og gefa þeim vitnisburð fyrir frammistöðuna, en í byrjun maímánaðar hvers árs, skal halda opinbert próf í þessum námsgreinum: dönsku, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, uppdráttarlist, búfræði, íslenzku og reikningi, og skal prófið vera bæði munnlegt og skriflegt í hinum síðastnefndu 2 námsgreinum. Þeim piltum, sem staðizt hafa próf eldri kennsluflokksins, skal gefa burtfararskirteini frá skólanum.

11. grein.

Fyrir hverja um sig af þessum 9 námsgreinum skal gefa sjerstaka einkunn, en þær eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er jafngilda tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1; en þegar aðaleinkunnina skal draga út úr hinum einstöku einkunnum, skal við hafa þann mælikvarða, að ágætlega gildir = 8, dável = 7, vel = 5, laklega = 1, illa = ÷ 7 og afarilla = ÷ 23.

12. grein.

Af hinum sjerstöku einkunnum samanlögðum skal mynda aðaleinkunn, og þarf

til fyrstu ágætiseinkunnar	68 stig.
— fyrstu einkunnar	55 —
— annarar einkunnar	29 —
— þriðju einkunnar	9 —

13. grein.

Við hin opinberu próf skal skólastjóri kveðja 2 utanskólamenn til að vera við- stadda sem prófdómendur.

14. grein.

Í burtfararskirteininu skal tilgreina þær sjerstöku einkunnir, og aðaleinkunn þá, er hlutaðeigandi hefir fengið við próf eldri kennsluflokksins. 98
12. júní.

Skyldi nokkur utanskólamaður óska að fá vitnisburð skólans um kunnáttu sína í fræðigreinum þeim, er þar eru kenndar, er honum frjálst að ganga undir burtfararpróf skólans, þótt hann hafi ekki notið kennslu þar.

15. grein.

Bæði forstöðumaður og kennarar skólans skulu hafa nákvæmt eptirlit með siðferði lærisveina. Gjöri lærisveinar sig seka í drykkjuskap eða annari óreglu, skal forstöðumaður áminna þá alvarlega, og ef þeir eigi eptir ítrekaðar áminningar hans bæta ráð sitt, skulu þeir rækir úr skólanum.

16. grein.

Við lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um aðgjörðir skólans hið liðna ár, svo og eptirrit af vitnisburðum þeirra, er útskrifaðir hafa verið, sem og hinar skriflegu úrlausnir þeirra í uppdráttarlist, reikningi og íslenzku.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 12. júní 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um fjárveitingarvald amtsráðs.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 26. f. m. meðtók jeg álit amtsráðsins um brjef sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, þar sem hún ber sig upp undan því, að amtsráðið hafi á þessu ári veitt kvennaskólanum á Laugalandi í Eyjafirði 400 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóðnum. Vil jeg því nú tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir tjeðri sýslunefnd, að samkvæmt 54. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 4. maí 1872, virðist amtsráðið hafa heimild til að veita hin umræddu gjöld úr amtsjafnaðarsjóðnum, og að landshöfðingja hinsvegar er hvergi í lögum veitt vald til að breyta eða nema úr gildi ályktanir amtsráðsins í slíkum efnun. 99
15. júní.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um efling búaðar.* — Eptir að jeg nú með heiðruðu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 27. f. m. hefi meðtekið tillögur amtsráðsins um skiptingu á fje því, sem í 9. grein C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það er nú segir: 100
17. júní.

Fyrir yfirstandandi ár skulu 4000 kr. ákvarðaðar til eflingar búnaði í norður- og austurumdæminu þannig, að helmingnum af þeim verði skipt á milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða í umdæmi þessu.

Með því nú amtsráðið ekki hefir sjeð sjer fært að gjöra fast ákveðnar tillögur um skiptinguna á þeim helmingi, er selja skal í hendur einstökum búnaðarfjelogum í amtinu, vil jeg hjer með fela amtsráðinu að skipta tjeðum 2000 kr. milli búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins og eptir nefndra fjelaga, sem getur um í brjefi yðar, herra amtmaður, búnaðarfjelags Svínavatnshrepps í Húnavatnssýslu, kynbótafjelagsins í Skaga-fjarðarsýslu, framfarafjelagsins í Hrafnagils-, Saurbøjar- og Öngulsstaðahreppum í Eyjafjarðarsýslu, framfarafjelagsins í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu og þeirra fjelaga, er

LEIÐRJETTING. Bls. 86 hjer að framan l. 16 að ofan „fylgir“ les: „fyllgja“.

Hinn 3. júlí 1880.